

varið til útflutnings- og markaðsmála, að fengnum tillögum útflutnings- og markaðsnefndar.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum og þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Skipa skal fimm manna nefnd, útflutnings- og markaðsnefnd, er hafi það hlutverk að vera ráðgefandi um málefni er snerta útflutning á hrossum og gera tillögur um ráðstöfun á eftirstöðvum útflutningsgjalds, sbr. 5. gr. Búnaðarfélag Íslands, Félag hrossabanda, yfirdýralæknir og hrossaútflytjendur skulu tilnefna aðila í nefndina en ráðherra skipar formann án tilnefningar.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara og setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, þar með talið kröfur um heilbrigði er taki mið af kyni og aldri hrossa sem flytja á úr landi, skoðun og merkingu útflutningshrossa, aðstöðu í útflutningshöfn og meðferð þeirra upplýsinga sem útflytjanda er skylt að leggja fram og sem upp-  
runavottorð byggist á.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. apríl 1995. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64/1958, um útflutning hrossa, svo og lög nr. 67/1969, lög nr. 39/1986, 53. gr. laga nr. 10/1983, lög nr. 40/1993 og lög nr. 41/1994, um breytingar á þeim lögum.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

### um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að tryggja að framleiðsla, úrvinnsla, flutningur, geymsla og dreifing landbúnaðarafurða sem framleiddar eru með lífrænum aðferðum lúti ákveðnum reglum á lögbýlum og í fyrirtækjum sem hafa fengið vottun til notkunar á vörumerki lífrænnar framleiðslu.

2. gr.

Lög þessi taka til framleiðslu, vinnslu, flutnings, geymslu og dreifingar hvers konar lífræna landbúnaðarafurða.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til.

## 3. gr.

Innlendum sjálfstæðum stofum, einstaklingum eða stofnunum er heimilað að annast vottunarþjónustu fyrir lögbýli og fyrirtæki í lífrænni framleiðslu að því tilskildu að þær hafi faggildingu. Þær nefnast vottunarstofur.

Faggildingu vottunarstofa annast Löggildingarstofan í samræmi við reglugerð um starfsemi faggiltra vottunarstofa og nánari reglur er landbúnaðarráðherra setur.

## 4. gr.

Landbúnaðarráðherra veitir framleiðendum starfsleyfi að uppfylltum kröfum skv. 3. gr. og heldur skrá um öll lögbýli og fyrirtæki sem hafa fengið vottun um lífrænar framleiðsluáferðir. Gerist þessir aðilar brotlegir getur landbúnaðarráðherra svipt þá starfsleyfi og heimild til að nota vörumerki um lífræna framleiðslu.

## 5. gr.

Forsvarsmönnum lögbýla eða fyrirtækja í lífrænni framleiðslu er skylt að veita landbúnaðarráðherra eða sammingsbundnum vottunarstofum allar upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við vottunina, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem lífrænar landbúnaðafurðir eru unnar eða geymdar. Vottunarstofur skulu fara með upplýsingar sem þær afla sem trúnaðarmál. Skylt er að láta vottunarstofu í té án endurgjalds sýni af lífrænni framleiðslu til rannsókna.

## 6. gr.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM) og reglugerð ráðs Evrópusambandsins nr. 2092/91, með síðari breytingum.

## 7. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar nefnd er skal vera til ráðuneytis um reglur, staðla, vottun og allt er varðar lífræna landbúnaðarframleiðslu. Auk fulltrúa ráðherra, sem skal vera formaður nefndarinnar, tilnefna hagsmunaaðilar fulltrúa í nefndina samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1994.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*